

## **Samþykkt sambandsstjórnar Samiðnar um #MeToo**

Sambandsstjórn Samiðnar fagnar aukinni umræðu um jafnrétti kynjanna sem felst m.a í hreyfingunni „ #MeToo“. Mikilvægt er að ráðast gegn inngróinni menningu sem byggir á mismunun kynjanna hvort sem er í samfélaginu, innan fjölskyldunnar eða á vinnustöðum. Jafnrétti kynjanna krefst virkrar þátttöku allra ekki síst stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Mikilvægt er að þeir sem eru í forystu m.a í verkalýðshreyfingunni og atvinnulífinu tileinki sér það viðhorf að kynbundið misrétti á sér engin efnisleg rök og að kynferðislegt ofbeldi sé aldrei samþykkt. Sambandsstjórn Samiðnar leggur áherslu á að stéttarfélagin hafi frumkvæði að því að móta nýjar leiðir til að vinna gegn kynjamisrétti og koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi. Sambandsstjórn Samiðnar hvetur aðildarfélagin til að hafa frumkvæði að virkri þátttöku í umræðunni um jafnrétti kynjanna, aðgerðum gegn kynbundnu ofbeldi og kynbundnum vinnumarkaði.

Reykjavík, 12. janúar 2018